

Reglur um framlag til heilsueflingar starfsmanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið er samstarfsaðili Embættis landlæknis um heilsueflandi samfélag og hefur samþykkt að veita starfsmönnum sínum styrk til heilsueflingar.

Markmið

Að hvetja starfsmenn til að stunda heilsurækt að staðaldri í þeim tilgangi að bæta líkamlegt ástand þeirra. Reglubundin hreyfing og gott líkamlegt ástand stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu ásamt meiri starfsánægju.

Framlag til heilsueflingar

Hver starfsmaður í 100 % starfi hjá sveitarfélaginu og Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hornafirði fær árlega greiddan styrk að upphæð kr. 15.000 –. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfall af upphæðinni í samræmi við starfshlutfall.

Greitt er fyrir

- Kort í líkamsræktarstöð.
- Einkapjálfun í líkamsræktarstöð.
- Sundkort.
- Félagsgjöld til íþróttafélaga, ferðafélaga, hestamannafélags og gólfklúbbs.
- Námskeið í hreyfingu á vegum ofangreindra félaga og annarra félaga eða einkaaðila.
- Þátttöku í lengri skipulögðum göngum s.s. á vegum Ferðafélags Austur Skaftfellinga.

Styrkurinn er greiddur gegn framvísun reiknings fyrir líkamsræktarúrræði að eigin vali. Skila þarf reikningi til launafulltrúa fyrir 20. hvers mánaðar og styrkurinn er greiddur með næstu launagreiðslu. Ónýttur styrkur fellur niður um áramót.

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 7. janúar 2019.

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri